

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1685 frá 4. október 2019 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði á ekki við um Ísland eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Ísland.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 15. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/329) í hluta 9.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„16. **32019 R 1685**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1685 frá 4. október 2019 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr (Stjtið. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 11).

Ákvæði þessarar gerðar eiga ekki við um Ísland.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 11.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1685, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.